



Breyting á reglum um staðgreiðslu af launum

Frádráttur vegna iðgjalda í séreignarlífeyrissjóð

Sú breyting verður frá og með júlílaunum 2014 að leyfilegur frádráttur vegna iðgjalda launamanns í séreignarlífeyrissjóð hækkar úr 2% í allt að 4%. Frádráttur miðast við iðgjaldastofn til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga, enda séu iðgjöldin greidd reglulega til lífeyrissjóða eða aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sama regla gildir um iðgjöld manna sem hafa með höndum atvinnurekstur.

Launatímabil

Prátt fyrir að laun, eða hluti launa, svo sem fyrir yfirvinnu, ákvæðisvinnu eða aflahlut, komi ekki til uppgjors fyrr en að launatímabili loknu, skulu þau samt talin til launa þess tímabils, enda fari uppgjör fram innan 14 daga frá lokum þess. Þessar reglur standa óbreyttar.

Sem dæmi má nefna að séu yfirvinnulaun vegna 15. maí til 15. júní greidd 1. júlí þá teljast þau til júnílauna. Yfirvinnulaun sem greidd eru 1. ágúst teljast til júlílauna.

Laun sjómanna

Laun sjómanna vegna veiðiferðar í júní teljast til júnílauna, svo fremi sem uppgjör (eða bráðabirgðauppgjör) á aflahlut sé lokið eigi síðar en 14. júlí. Laun fyrir veiðiferð sem hefst í júní skal telja til júnílauna þótt afla sé landað eftir mánaðarmót, enda hafi a.m.k. helmingur veiðiferðarinnar verið í júní og uppgjör lokið 14. júlí.

Rafræn skil á staðgreiðslu, sjá skattur.is